



Bæjarstjórn Garðabæjar 2. (917)/2023

Boðað er til 2. (917). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 2. febrúar 2023 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2301034F - Fundargerð bæjarráðs frá 24/1 '23.
2. 2301041F - Fundargerð bæjarráðs frá 31/1 '23.
2204292 - Drög að samningi við Lækjarkór um uppbyggingu íbúðarbyggðar við Víðiholt á Álftanesi.
3. 2301026F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 18/1 '23.
4. 2301024F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 18/1 '23.
5. 2301664 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 30/1 '23.
6. 2301453 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 6/1 og 20/1 '23.
7. 2301673 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 20/1 '23.
8. 2301458 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 17/1 '23.
9. 2301333 - Samþykkt um breytingu á stjórn Garðabæjar vegna barnaverndarþjónustu (síðari umræða).
10. 2301672 - Tillaga Viðreisnar um að tryggja frumkvæðisskyldu sveitarfélagsins.
11. 2201384 - Tillaga að loftslagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið.
12. 2206112 - Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun Garðabæjar 2023.

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
1. (916). fundur 2023

Fimmtudaginn 19. janúar 2023 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir, bæjarfulltrúi, Almar Guðmundsson, bæjarfulltrúi, Björg Fenger, bæjarfulltrúi, Margrét Bjarnadóttir, bæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson, bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason, bæjarfulltrúi, Bjarni Th. Bjarnason, varabæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir, bæjarfulltrúi, Ingvar Arnarson, bæjarfulltrúi, Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi og Brynja Dan Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði.

Fundargerðir funda bæjarstjórnar frá 15. desember 2022 og 29. desember 2022 eru lagðar fram.

Ingvar Arnarson, kvaddi sér hljóðs og óskaði íþróttafólki Garðabæjar sem heiðrað var á íþróttahátíð Garðabæjar þann 8. janúar sl. til hamingju með viðurkenningar sem þeim voru veittar. Þá óskaði Ingvar körfuknattleiksdeild Stjörmunnar til hamingju með góðan árangur í bikarkeppni KKÍ.

Forseti tók undir hamingjuóskir til íþróttafólks í Garðabæ í nafni bæjarstjórnar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2212024F - Fundargerð bæjarráðs frá 20/12 '22.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, ræddi, 11. tl., móttöku flóttafólks.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 11. tl., móttöku flóttafólks.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 11. tl., móttöku flóttafólks.

Almar Guðmundsson, ræddi 11. tl., móttöku flóttafólks.

Fundargerðin sem er 13 tl., er samþykkt samhljóða.

2. 2301004F - Fundargerð bæjarráðs frá 6/1 '23.

Fundargerðin sem er 1 tl., er samþykkt samhljóða.

3. 2301010F - Fundargerð bæjarráðs frá 10/1 '23.

Ingvar Arnarson, ræddi 21. tl., umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar vegna fyrirspurnar Landsnets um matsskyldu framkvæmda við breytingu á Hamraneslínu og 22. tl., bréf Landsnets varðandi breytingu á aðalskipulagi vegna Hamraneslínu 1 og 2.

Fundargerðin sem er 22 tl., er samþykkt samhljóða.

4. 2301022F - Fundargerð bæjarráðs frá 17/1 '23.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, ræddi 12. tl., aðgerðir varðandi áhrif á skólastarf vegna viðgerða á skólahúsnæði.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 12. tl., aðgerðir varðandi áhrif á skólastarf vegna viðgerða á skólahúsnæði.

Ingvar Arnarson, ræddi 12. tl., aðgerðir varðandi áhrif á skólastarf vegna viðgerða á skólahúsnæði og lagði fram eftirfarandi fyrirspurn.

„Fyrirspurn Garðabæjarlistans varðandi úttekt Eflu á húsnæði Flataskóla frá 3. júlí 2019 og tengd mál:

1. Að hvaða tilefni var ákveðið að ráðast í úttekt á húsnæði Flataskóla vorið 2019?
2. Hverjir tóku ákvörðun um úttekt?
3. Hvaða aðilar fengu skýrslu úttektar?
4. Hvaða aðgerðir á húsnæði Flataskóla var ákveðið að ráðast í eftir úttekt Eflu? Óskað er eftir vísunum í skýrsluna þar sem við á.
5. Hvers vegna kom þessi skýrsla ekki fyrr fram í samskiptum bæjarins við foreldrafélag Flataskóla?
6. Hvaða rök voru fyrir því að hætta samskiptum við Eflu eftir afhendingu á skýrslu árið 2019 og leita til Mannvits?
7. Hvaða úttektir vegna gruns um rakaskemmdir og myglu hafa verið framkvæmdar á skólahúsnæði í Garðabæ frá árinu 2018?
8. Af hverju var skýrsla um úttekt í Hofsstaðaskóla frá árinu 2021 ekki aðgengileg fyrr en nú í janúar 2023?
9. Til hvaða aðgerða var gripið á grundvelli þeirrar úttektar?“

Ingvar Arnarson og Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúar Garðabæjarlistans.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 12. tl., aðgerðir varðandi áhrif á skólastarf vegna viðgerða á skólahúsnæði.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 12. tl., aðgerðir varðandi áhrif á skólastarf vegna viðgerða á skólahúsnæði.

Björg Fenger, ræddi 12. tl., aðgerðir varðandi áhrif á skólastarf vegna viðgerða á skólahúsnæði. Björg lagði fram eftirfarandi bókun bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

„Nú er stutt í að niðurstöður úr heildarúttekt á ástandi húsnæðis Flataskóla og Hofsstaðaskóla liggi fyrir. Framkvæmdir og undirbúningur þeirra munu fara af stað í beinu framhaldi af því. Í samþykktri fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir verulegu fjármagni til endurbóta á húsnæði stofnana bæjarins á yfirstandandi ári og þar verða þessir tveir skólar settir í forgang.

Þegar hefur verið gripið til ráðstafana í báðum skólum varðandi lokun rýma þar sem mygla mældist í sýnatökum í haust. Þetta er gert skv. ráðgjöf sérfræðinga og í samræmi við það verkferli sem unnið hefur verið eftir síðan þá. Þekking á málefnum hefur aukist síðustu ár og vinnulag byggir nú á gagnsæi og opnum samskiptum, ávallt með heilsu og öryggi nemenda og starfsmanna að leiðarljósi. Starfsmenn, foreldrar og nemendur fá reglubundnar upplýsingar um stöðu mála í gegnum tölvupóst. Þá eru sérstakar upplýsingasíður aðgengilegar á vef bæjarins þar sem gögn vegna ástandsmats og framkvæmda í skólunum liggja frammí. Við áréttum mikilvægi þess að fullt traust sé á þeim ferlum sem unnið er eftir. Það er lykilatriði að öll viðhaldsverkefni sem snúa að rakaskemmdum og myglu í skólum bæjarins fái algjöran forgang og séu ávallt unnin í fullu samráði við skólastjórnendur og með vitund starfsfólks þannig að koma megi í veg fyrir að forráðamenn, nemendur og starfsfólk þurfi að upplifa álag og óþægindi vegna slíkra mála.“

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, ræddi að nýju ræddi 12. tl., aðgerðir varðandi áhrif á skólastarf vegna viðgerða á skólahúsnæði.

Almar Guðmundsson, ræddi 12. tl., aðgerðir varðandi áhrif á skólastarf vegna viðgerða á skólahúsnæði.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju 12. tl., aðgerðir varðandi áhrif á skólastarf vegna viðgerða á skólahúsnæði og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Viðreisn leggur áherslu á gagnsæi og trausta upplýsingagjöf og ítrekar mikilvægi þess að verkferlar um skjölun gagna séu rýndir og bættir svo koma megi í veg fyrir ógagnsæi og ófullnægjandi upplýsingagjöf í jafn alvarlegum málum og á við um mál Flataskóla og óskjalaðra skýrslu frá árinu 2019.“

Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi Viðreisnar.

Almar Guðmundsson, ræddi að nýju 12. tl., aðgerðir varðandi áhrif á skólastarf vegna viðgerða á skólahúsnæði.

Afgreiðsla mála.

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vetrarmýrar.

Í tillögunni kemur eftirfarandi fram.

Byggingarreitur kjallara að Vetrarbraut 2-4 er stækkaður.

Krafa um inndregna byggingarreiti breytist til aðlögunar á landhalla.

Hluti efstu hæðar fjölbýlishúsa í Vetrarmýri geta náð út að úthlið byggingar á nokkrum stöðum þó svo að hún sé inndregin.

Svalir í fjölbýlishúsum í Vetrarmýri mega fara 1 metra út fyrir byggingarreit í stað 0,6 m.

Uppgefnir fermetrar í stærðartöflum fjölbýlishúsa í Vetrarmýri eiga eingöngu við A-rými skv. skráningartöflu.

Í greinargerð deiliskipulags Vetrarmýrar verði að ákvæði í kafla 2.6.4. um bílastæði að miðað sé við birta stærð íbúðar ofanjarðar eins og hún er skráð í skráningartöflu.“ (Mál nr. 2209503)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að hafna beiðni lóðareiganda um stækkun lóðarinnar við útgáfu á byggingarleyfi vegna stækkunar einbýlishússins að Súlunesi 26. Um er að ræða opið svæði sem eðlilegt er að verði áfram óbyggt m.a. með tilliti til nálægðar við Hafnarfjarðarveg.“ (Mál nr. 2209645)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa tillögu að friðlýsingu Urriðakotshrauns. Umhverfisstofnun hefur annast undirbúning að gerð tillögunnar í samstarfi við Garðabæ og Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa. Þá hefur við gerð tillögunnar verið haft samráð við Skógræktarfélag Reykjavíkur.

Tillaga að friðlýsingu svæðisins verður auglýst opinberlega í þrjá mánuði og öllum gefinn kostur á gera athugasemdir við framlagða tillögu. Deiliskipulag fyrir svæðið er unnið samhliða undirbúningi friðlýsingar.“ (Mál nr. 2009650)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis þó að um sé að ræða stækkum byggingarreits bílakjallara neðanjarðar í fjölbýlishúsinu að Vörðugötu 2 en um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“ (Mál nr. 2212201)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að veita framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerð í Þorraholti. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi deiliskipulagsskilmála.“ (Mál nr. 2201317)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Miðskóga í tilefni umsóknar um viðbyggingu við núverandi einbýlishús við Miðskóga 17. Grenndarkynna skal tillöguna eigendum og íbúum að Miðskógum nr. 9, 11, 15, og 19.“ (Mál nr. 2209581)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Vífilsstaðavegar og Bæjarbrautar sem gerir ráð fyrir útisvæði veitingastaða og verslana við Garðatorg. Tillagan var grenndarkynnt og barst athugasemd frá Húsfélaginu að Garðatorgi 6.

Tekið er tilliti til athugasemdar og eftirfarandi ákvæði bætt við tillögunu.

"Opnunartími útisvæða verslana og veitingastaða við Garðatorg 4 og 6 verði ekki lengri en til kl. 21 á kvöldin og allri starfsemi og frágangi á útisvæði verði lokið eigi síðar en kl. 22 á kvöldin. Gerð verði krafa um að verslanir og veitingastaðir sem nýta sér útisvæði, sjái um að þrifa viðkomandi svæði eftir notkun hverju sinni og halda því snyrtilegu."

Samþykkt tillaga um deiliskipulagsbreytingu skal send Skipulagsstofnun og auglýsing birt í B-deild Stjórnartíðinda.“ (Mál nr. 2207039)

„Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts varðandi lóðina við Þorraholt 1, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, Breytingin felst í að falla frá kröfu um eitt stæði í bílakjallara fyrir tveggja herbergja íbúðir og mæta bílastæða þörf þeirra utandyra.

Skipulagsnefnd samþykkir samkvæmt í heimild í 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda/lóðarhafa.“ (Mál nr. 2211068)

Fundargerðin sem er 12 tl., er samþykkt samhljóða.

5. 2212025F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 21/12 '22.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 1. tl., samning um samræmda móttöku flóttafólks og 7. tl., félagsstarf eldri borgara í Jónshúsi.

Fundargerðin lögð fram.

6. 2212018F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 14/12 '22.

Hrannar Bragi Eyjólfsson, ræddi 1. tl., íþróttahátíð Garðabæjar og fjallaði nánar um viðurkenningar sem íþróttafólki í Garðabæ var veitt á hátíðinni. Hrannar Bragi færði öllum þeim sem voru heiðruð á hátíðinni hamingjuóskir og sérstaklega Hilmarí Snæ Örvarssyni, íþróttakarli Garðabæjar og Ástu Kristinsdóttur, íþróttakonu Garðabæjar árið 2022.

Fundargerðin lögð fram.

7. 2301001F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 4/1 '23.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 2. tl., auglýsingu umsóknarfrests vegna umsókna um afreksstyrki.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., hvatapeninga og óskaði eftir að bókun fulltrúa Garðabæjarlistans og Framsóknarflokksins í fundargerðinni verði færð til bókar í fundargerð bæjarstjórnar.

"Hækkun hvatapeninga er fagnaðarefni en betur má ef duga skal og er það skoðun Garðabæjarlistans og Framsóknar að lengra hefði þurft að ganga. Undanfarnar verðlagshækkningar eru þungar byrgðar fyrir alla landsmenn og sérstaklega barnafjölskyldur. Tómsundur barna eru kostnaðarsamar og hvatapeningar flestum heimilum mikilvæg búbot".

Hrannar Bragi Eyjólfsson, ræddi 1. tl. hvatapeninga og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Fjárhagsáætlunarvinna felst ávallt í forgangsröðun fjármuna og áherslna. Í fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2023 er m.a. lögð áhersla á endurbætur og viðhald á skóla- og íþróttamannvirkjum í bænum

auk mikillar innviðaupbyggingar í Urriðaholti. Nú sem áður er lögð áhersla á ábyrgan rekstur, lágur álögur og sterka fjárhagsstöðu bæjarins.

Alveg frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á að efla og styðja við íþrótt- og tómskundastarf í bænum. Garðabær var t.d. fyrsta sveitarfélagið til að veita beinan fjárhagslegan styrk til þátttöku í íþrótt- og tómskundastarfi með hvatapeningum, árið 2005. Í fjárhagsáætlun ársins 2023 er áfram lögð áhersla á að styðja við fjölbreytt íþrótt- og tómskundastarf í bænum m.a. með hækkun hvatapeninga ásamt því að veita styrki til félaga í bænum. Garðabær setur hlutfallslega mest í íþrótt- og æskulýðsmál af stærri sveitarfélögum á Íslandi, m.a. í því skyni að styðja barnafjölskyldur í bænum og gera bæjarbúum, jafnt ungum sem öldnum, kleift á að lifa góðu og heilsusamlegu lífi.

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins árétta að áætlunin var unnin í góðu samráði milli allra flokka sem allir samþykktu fjárhagsáætlun fyrir árið 2023, þar á meðal Framsókn og Garðabæjarlistinn.“

Ingvar Arnarson, ræddi að nýju 1 tl. hvatapeninga.

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., hvatapeninga.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, ræddi 1. tl., hvatpeninga.

Fundargerðin lögð fram.

8. 2301013F - Fundargerð leikskólanefndar frá 10/1 '23.

Margrét Bjarnadóttir, ræddi 1. tl., verklag vegna faliðunar í leikskólum Garðabæjar og 2. tl., stöðu innritunar í leikskólum Garðabæjar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi starfskjör starfsfólks í leikskólum.

Almar Guðmundsson, ræddi starfskjör starfsfólks í leikskólum.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju starfskjör starfsfólks í leikskólum.

Almar Guðmundsson, ræddi að nýju starfskjör starfsfólks í leikskólum.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi að nýju starfskjör starfsfólks í leikskólum.

Fundargerðin lögð fram.

9. 2212003F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 11/1 '23.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., starfsemi og framtíðarsýn Bókasafns Garðabæjar og 5. tl., dagskrá vetrarhátíðar 2023.

Fundargerðin lögð fram.

10. 2301015F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 12/1 '23.

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., skipulagslýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi Arnarlands og breytinga á aðalskipulagi.

Björg Fenger, ræddi 2. tl., skipulagslýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi Arnarlands og breytinga á aðalskipulagi.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., skipulagslýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi Arnarlands og breytinga á aðalskipulagi.

Björg Fenger, ræddi að nýju 2. tl., 2. tl., skipulagslýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi Arnarlands og breytinga á aðalskipulagi.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 2. tl., skipulagslýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi Arnarlands og breytinga á aðalskipulagi.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 2. tl., skipulagslýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi Arnarlands og breytinga á aðalskipulagi.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi að nýju 2. tl., skipulagslýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi Arnarlands og breytinga á aðalskipulagi.

Björg Fenger, ræddi að nýju 2. tl., skipulagslýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi Arnarlands og breytinga á aðalskipulagi.

Fundargerðin lögð fram.

11. 2211033F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 23/11 '22.

Fundargerðin lögð fram.

12. 2301011F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 11/1 '23.

Fundargerðin lögð fram.

13. 2201365 - Fundargerð stjórnar SSH frá 12/12 '22.

Fundargerðin lögð fram.

14. 2301318 - Fundargerð stjórnar SSH frá 9/1 '23.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, ræddi 1. tl., málefni heimilislausra með fjölþættan vanda.

Fundargerðin lögð fram.

15. 2202087 - Fundargerðir stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 28/11 og 9/12 '22.

Fundargerðin lögð fram.

16. 2201281 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 14/12 '22.

Bjarni Th. Bjarnason, ræddi 1. tl., stöðuna í fjöllum og málefni skíðasvæðanna.

Fundargerðin lögð fram.

17. 2201214 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 16/12 '22.

Hrannar Bragi Eyjólfsson, ræddi 1. tl., útboð á aðkeyptum akstri Strætó, 2. tl., áherslur í markaðsmálum og gjaldskrárstefnu Strætó og 5. tl., skipulag nýs leiðanets.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir, ræddi 5. tl., skipulag nýs leiðanets.

Hrannar Bragi Eyjólfsson, ræddi að nýju 5. tl. skipulag nýs leiðanets.

Björg Fengler, ræddi 5. tl., skipulag nýs leiðanets.

Fundargerðin lögð fram.

18. 2201292 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 9/12 '22.

Fundargerðin lögð fram.

19. 2210263 - Samningur um stofnun Áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins.

Almar Guðmundsson, bærarstjóri gerði grein fyrir drögum að samningi um áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins en samningsdrögin hafa verið samþykkt í stjórn SSH. Almar þakkaði Huldu Hauksdóttur, starfsmanni bæjarins fyrir þátttöku hennar í undirbúningi málsins.

„Bærarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti samning sveitarfélaganna Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Mosfellsbæjar, Kópavogs, Reykjavíkur, Seltjarnarness, Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins um áfangastaðastofu höfuðborgarsvæðisins.“

20. 2212234 - Tillaga til staðfestingar á samþykkt um hækkun álagningarhlutfalls útsvars vegna fjármögnunar þjónustu við fatlað fólk.

„Bærarstjórn staðfestir tillögu frá fundi bærarstjórnar frá 29. desember sl. um að álagningarhlutfall útsvars á tekjur manna á árinu 2023 hækki um 0,22% eða úr 13,70% í 13,92% ,sbr. XXVII kafli laga nr. 129/2022 um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.“

Breyting á álagningarhlutfalli útsvars felur ekki í sér auknar álögur á íbúa þar sem tekjuskattur ríkisins lækkar um samsvarandi hlutfall í báðum skattþrepum.

21. 2206112 - Fjárhagsáætlun 2023 - tillaga að útfærslu á hagræðingakröfu sviða.

Almar Guðmundsson, bærarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu um hagræðingarkröfu sviða.

	Hagræðing	Samþ. áætlun	Hlutfall
Fjölskyldusvið	23.000.000	3.308.757.179	0,7%
02340 - Úrræði á heimili vegna barna	1.000.000	26.050.000	3,84%
02310 - Umdæmisráð barnaverndar	1.000.000	13.300.000	7,52%
02330 – Vistun barna utan heimilis	2.000.000	50.000.000	4,00%
02420 - Félags- og íþróttastarf eldri borgara	3.000.000	95.368.000	3,15%
02490 - Önnur þjónusta við aldraða, akstur	3.000.000	43.700.000	6,86%
02581 - Sumarúrræði fyrir fatlaða	5.000.000	58.325.000	8,57%
02582 - Lengd viðvera fatlaðra ungmenna	6.000.000	60.000.000	10,00%
02564 - Miðskógar	2.000.000	124.365.000	1,61%

	Hagræðing	Samþ. áætlun	Hlutfall
Fræðslu- og menningarsvið	104.000.000	14.196.332.808	0,7%
04010 - Skólaskrifstofa	23.000.000	466.674.000	4,9%
04LEI - Leikskólar	21.000.000	2.582.976.000	0,8%
04170 - Greiðslur til dagforeldra	3.000.000	81.495.000	3,7%
04GRU - Grunnskólar	34.000.000	4.711.960.000	0,7%
04264 - Alþjóðaskólinn	10.000.000	74.098.000	13,5%
04515 - Námsvistargjöld í tónlistarskólum	3.500.000	16.000.000	21,9%
06511 - Íþróttamiðstöðvar	9.500.000	1.022.026.569	0,9%
	Hagræðing	Samþ. áætlun	Hlutfall
Umhverfissvið	17.000.000	2.658.871.924	0,6%
09220 - Aðaskipulag	3.000.000	46.200.000	6,49%
09230 - Deiliskipulag	3.000.000	58.440.000	5,13%
10310 - Viðhald gatna og gangstétta	5.500.000	98.500.000	5,58%
10770 - Strætisvagnaskýli	1.000.000	17.542.000	5,70%
11520 - Vorhreinsun lóða	4.500.000	25.130.000	17,91%
	Hagræðing	Samþ. áætlun	Hlutfall
Fjármála- og stjórnarsýslusvið	6.000.000	861.092.110	0,7%
21400 - Bæjarskrifstofa	2.000.000	847.351.626	0,24%
21450 - Stafræn þróun	1.000.000	25.000.000	4,00%
21600 - Starfsmannakostnaður	2.000.000	49.700.000	4,02%
21850 - Ýmis útgjöld	1.000.000	23.500.000	4,26%

Bæjarstjórn samþykkir tillögu að útfærslu á hagræðingarkröfu sviða samkvæmt fjárhagsáætlun 2023.

22. 2301333 - Samþykkt um breytingu á stjórn Garðabæjar vegna barnaverndarþjónustu – (fyrri umræða).


Almar Guðmundsson, bæjarstjóri fylgdi úr hlaði tillögu að breytingu á samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022 ásamt viðauka III um fullnaðarafgreiðslur mála hjá barnaverndarþjónustu Garðabæjar.


„Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögu að breytingu á samþykkt um stjórn Garðabæjar ásamt viðauka III til síðari umræðu í bæjarstjórn.“


Fleira ekki gert.


Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 19. janúar 2023 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.



Sigríður Huldur Jónsdóttir



Gunnar Einarsson



Jóna Dóttir



Margrét Bjarnadóttir


Þorbjörg Þorvaldsdóttir



Sigrún


Jóna


Hrafnar Bragi Guðjónsson


Þórunn


Þórunn


Bjarni Þ. Bjarnason

Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 19. janúar 2023 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Bjarni Th. Bjarnason, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar

4. (2057). fundur 2023

Þriðjudaginn 24. janúar 2023 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger, formaður, Gunnar Valur Gíslason, varaformaður, Margrét Bjarnadóttir, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir, samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2212136 - Aðgerðir varðandi áhrif á skólastarf vegna viðgerða á skólahúsnæði.

Lagt fram minnisblað um stöðu heildarúttektar á húsnæði Hofsstaðaskóla og yfirlit um ástandsskýrslur og endurbætur á húsnæðinu undanfarin ár.

Bæjarstjóri upplýsti að í gær bárust niðurstöður úr sýnatökum bæði úr Flataskóla og Hofsstaðaskóla sem kalla á að gripið verði til þess ráðs að loka rýmum í báðum skólunum. Foreldrar, forráðamenn og starfsfólk fengu upplýsingar um stöðu mála sendar í tölvupósti í gær og tilkynnt hefur verið um að kennsla muni raskast í skólunum vegna þessa næstu tvo daga fyrir ákveðnar bekkjadeildir. Lögð er áherslu á að grípa til aðgerða strax til að tryggja öryggi starfsfólks og nemenda

2. 2301333 - Tillaga að breytingu á samþykktum Garðabæjar vegna barnaverndarþjónustu

Á fund bæjarráðs kom Sigríður Logadóttir, lögfræðingur og persónuverndarfulltrúi og gerði grein fyrir tillögu að breytingu á samþykktum Garðabæjar vegna barnaverndarþjónustu. Fór hún yfir athugasemdir og ábendingar sem hafa komið frá ráðuneytinu en þær verða útfærðar nánar sem breytingartillögu við síðari umræðu í bæjarstjórn.

3. 2301461 - Skýrsla persónuverndarfulltrúa 2022.

Sigríður Logadóttir, persónuverndarfulltrúi og lögfræðingur gerði grein fyrir helstu atriðum í skýrslu persónuverndarfulltrúa fyrir árið 2022.

4. 2205465 - Opnun tilboða í framkvæmdir við stígagerð, veitulagnir og frágang í Hraunhólum.

Eftirfarandi tilboð bárust í framkvæmdir við stígagerð, veitulagnir og frágang í Hraunhólum.

Óskatak ehf.	kr. 80.911.950
Emkan ehf.	kr. 127.500.000
Grafa og grjót ehf.	kr. 59.343.300
Stjörnugarðar ehf.	kr. 94.734.975
JJ pípulagnir ehf.	kr. 86.277.380
Berg verktakar ehf.	kr. 96.528.100
Stéttafélagið ehf.	kr. 78.485.700
SS Verktak ehf.	kr. 136.526.700
Kostnaðaráætlun	kr. 68.297.890

Sviðsstjóri umhverfissviðs gerði grein fyrir stöðu málsins. Bæjarráð frestar afgreiðslu til næsta fundar.

5. **2201384 - Erindi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi tillögu að loftlagsstefnu fyrir höfuðborgarsvæðið, dags. 18.11.22.**
Loftlagsstefna fyrir höfuðborgarsvæðið hefur verið til umfjöllunar í skipulagsnefnd og umhverfisnefnd.

Fyrir liggur jákvæð umsögn umhverfisnefndar.

Bæjarráð samþykkir að vísa málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

6. **2208507 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi skýrslu Betri samgangna um framgang verkefna, dags. 17.01.23.**
Lagt fram.

7. **2301288 - Bréf UMF-Stjórnunnar varðandi niðurfellingu fasteignagjalda árið 2023, dags. 16.01.23.**
Bæjarráð samþykkir að veita UMF-Stjórnunni styrk að fjárhæð kr. 2.151.520 til greiðslu fasteignagjalda árið 2023.

8. **2301359 - Bréf Garðasóknar varðandi niðurfellingu fasteignagjalda árið 2023.**
Bæjarráð samþykkir að veita Garðasókn styrk að fjárhæð kr. 1.092.571 til greiðslu fasteignagjalda árið 2023.

9. **2209382 - Staða framkvæmda við leikskóla við Hóltsveg 20.**
Sviðsstjóri umhverfissviðs gerði grein fyrir stöðu mála við framkvæmd leikskóla við Hóltsveg en byggingarleyfi vegna framkvæmdanna var endurútfærð fyrir fimm deilda leikskóla á einni hæð. Verið er að vinna að mögulegri útfærslu á breytingum til að skólinn geti verið 6 deilda eins og gert var ráð fyrir í upphafi.

Bæjarráð vísar málinu til frekari úrvinnslu umhverfissviðs.

10. **2211413 - Drög að viljayfirlýsingu Garðabæjar og Brynju leigufélags ses. um uppbyggingu á íbúðum fyrir öryrkja í Garðabæ 2022 - 2026.**
Lögð fram drög að viljayfirlýsingu Garðabæjar og Brynju leigufélags ses. þar sem að lýst er yfir vilja aðila til eiga samstarf um að fjölga á íbúðum fyrir öryrkja í Garðabæ á tímabilinu 2022 -2026

Bæjaráð samþykkir viljayfirlýsinguna og felur bæjarstjóra undirritun hennar.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 24. janúar 2023 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
5. (2058). fundur 2023

Þriðjudaginn 31. janúar 2023 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger, formaður, Gunnar Valur Gíslason, varaformaður, Margrét Bjarnadóttir, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 2212136 - Aðgerðir varðandi áhrif á skólastarf vegna viðgerða á skólahúsnæði.**
Sviðsstjóri umhverfissviðs upplýsti að verið er að bíða eftir niðurstöðum greiningar úr síðustu sýnatökum sem eru liður í heildarúttekt á húsnæði Flataskóla og Hofsstaðaskóla. Framkvæmd var sóttþreinsun í húsnæði skólanna um síðustu helgi. Fram kom að unnið er að undirbúningi uppsetningar á lausum kennslustofum á skólasvæði við Flata- og Garðaskóla ásamt því að verið er að skoða aðra tímabundna valkosti varðandi húsnæði fyrir skólana. Sagt var frá því að starfsemi leikskóladeildar Flataskóla hefur verið færð í Urriðaból í Kaupúni.
- 2206112 - Fjárhagsáætlun 2023 - lántaka.**
Lúdvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri kom á fund bæjarráðs og gerði grein fyrir tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga samtals að fjárhæð kr. 600.000.000. Lánið er jafngreiðslulán til 17 ára, verðtryggt með 3,05% föstum vöxtum og án uppgreiðsluheimildar. Í skilmálum lánessamnings kemur fram að tilgangur lánsins er fjármögnun á verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og uppfyllir skilyrði sem sett eru fram í grænni umgjörð sjóðsins, nánar tiltekið fjármögnun á byggingu svansvottaðs leikskóla. Verkefnið telst þess eðlis að hafa jákvæð áhrif á umhverfið og sporna gegn loftslagsbreytingum. Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar. Fyrir liggja drög að lánessamningi.
- 2212134 - Aratún 4 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Emil Steindóri Friðfinnssyni, kt. 121266-5129, leyfi til að stækka bílgeymslu við einbýlishúsið að Aratúni 4.
- 2208590 - Sunnuflöt 21 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir að afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Siggeiri Fannari Brynjólfssyni, kt. 080180-5869, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi einbýlishús að Sunnuflöt 21.
- 2301579 - Bréf Garðaálfa, kórs eldri borgara á Álftanesi um styrk árið 2023.**
Bæjarráð samþykkir að vísa erindinu til úthlutunar styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2023
- 2301592 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi boðun á XXXVIII. landsþing sambandsins, dags. 26.01.23.**
Í bréfinu er boðað til XXXVIII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga föstudaginn 31. mars 2023.

7. **2301589 - Erindi félags- og vinnumarkaðsráðuneytis varðandi fyrirspurn frá Alþingi um þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk á heimili sínu, félagslegt húsnæði og önnur búsetuúrræði, dags. 23.01.23.**

Um er að ræða erindi á grundvelli þriggja skriflegra fyrirspurna sem lagðar hafa verið fram á Alþingi.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að hlutast til um að svara erindi ráðuneytisins.

8. **2204292 - Drög að samningi við Lækjarkór um uppbyggingu íbúðarbyggðar við Víðiholt á Álftanesi.**

Um er að ræða samning við landeiganda um uppbyggingu íbúðarbyggðar samkvæmt deiliskipulagi við Víðiholt á Álftanesi. Gert er ráð fyrir tveimur fjölbýlishúsum með samtals 50 íbúðum og 20 raðhúsum.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja samninginn.

9. **2301596 - Tilkynning um hækkun viðmiðunarfjárhæða tekju- og eignamarka vegna félagslegs húsnæðis.**

Lögð fram tilkynning frá innviðaráðuneytinu varðandi hækkun tekju- og eignamarka vegna sérstaks húsnæðisstuðnings fyrir árið 2023. Bæjarráð samþykkir að hækka viðmið um hámark sérstaks húsnæðisstuðnings samkvæmt 4. gr. reglna Garðabæjar um sérstakan húsnæðisstuðning um sama hlutfall og hækkun tekju- og eignamarka ráðuneytisins eða úr kr. 90.200 í 102.500.

10. **2301608 - Erindi mennta- og barnamálaráðuneytis varðandi gagnaöflun til sveitarfélaga um rakaskemmdir í leik- og grunnskólum, dags. 20.01.23.**

Um er að ræða erindi sem sent er að beiðni Alþings til sveitarfélaga um gagnaöflun í framhaldi af skýrslu um tjón af völdum rakaskemmda og myglusvepps í leiks- og grunnskólum og áhrif þeirra á starfsemi og heilsu.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara spurningalista ráðuneytisins.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar þriðjudaginn 31. janúar 2023 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Björg Fenger, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Margrét Bjarnadóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar

1. fundur 2023

Miðvikudaginn 18. janúar 2023 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir áheyrnarfulltrúi, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Snædís Björnsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2112271 - Stuðnings- og stoðþjónusta - Áfrýjun

Ákvörðun afgreiðslufundar stuðnings- og stoðþjónustu frá 20.12.2022 er staðfest. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

2. 2301235 - Umsókn um fjárhagsaðstoð - trygging húsaleigu/ábyrgðaryfirlýsing

Tekið er fyrir mál nr. 2301235, umsókn um tryggingu/ábyrgðaryfirlýsingu til tryggingar húsaleigu. Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að verða við erindinu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

3. 2301244 - Umsókn um fjárhagsaðstoð - námsstyrkur

Tekið er fyrir mál nr. 2301244, umsókn um námsstyrk. Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að verða við erindinu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

4. 2301003 - Gott að eldast - aðgerðaáætlun

Viljayfirlýsing heilbrigðisráðherra, félags- og vinnumarkaðsráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landsambands eldri borgara um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk var undirrituð 21.06.2022. Þar er kveðið á um aukið samstarf og samvinnu varðandi málefni eldra fólks með það markmið að tryggja samhæfða þjónustu við hæfi á réttu þjónustustigi og á réttum tíma. Á það bæði við um stuðningsþjónustu sveitarfélaga og heilbrigðisþjónustu ríkisins. Markmiðið er að tryggja samhæfða þjónustu. Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2023-2027 frá félags- og vinnumarkaðsráðherra ásamt kynningarbæklingnum Gott að eldast, dags. 19.12.2022, lögð fram til kynningar.

5. 2301002 - Tilkynning frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu varðandi stöðu aðgerða í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021

Tilkynning frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti um stöðu aðgerða í framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021 lögð fram. Fyrir fundinum lá lokagreinargerð Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis frá desember 2022 um stöðu aðgerða framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021.

6. 2112038 - Breytt skipulag barnaverndar (umdæmisráð)

Þann 1. janúar 2023 tók sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar í Kraganum til starfa. Á sama tíma voru barnaverndarnefndir lagðar niður sem áður gegndu úrskurðarhlutverki samkvæmt barnaverndarlögum. Umdæmisráð er sjálfstæð stjórnslunefnd sem er skipað þremur ráðsmönnum og jafn mörgum varamönnum til fimm ára í senn: lögfræðingi, sem er formaður ráðsins, félagsráðgjafa og sálfræðingi. Verkefni umdæmisráða barnaverndar er að úrskurða í málum samkvæmt 3. mgr. 13. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Aðalmenn umdæmisráðs Kragans eru:

Ómar Örn Bjarnþórsson, lögfræðingur - formaður

Laufey Þorvaldsdóttir, félagsráðgjafi

Einar Ingi Magnússon, sálfræðingur

Varamenn umdæmisráðs Kragans eru:

Kolbrún Garðarsdóttir, lögfræðingur - varaformaður

Þóra Kemp, félagsráðgjafi

Eva Sjöfn Helgadóttir, sálfræðingur

Lagt fram.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
5. fundur 2023

Miðvikudaginn 18. janúar 2023 kl. 16:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Eva Björg F Torfadóttir varamaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir varamaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Rakel Steinberg Sölvadóttir aðalmaður, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi, Jóhann Skagfjörð Magnússon fulltrúi skólastjóra, Hjörtur Jónsson fulltrúi foreldra og Ragnheiður Stephensen fulltrúi kennara.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Almar Guðmundsson bæjarstjóri og starfandi sviðsstjóri fræðslu- menningarsviðs sat einnig fundinn.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2212136 - Verkferlar er varða aðgerðir í tengslum við rakaskemmdir o.fl. í húsnæði stofnana bæjarins.

Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Alma Dagbjört Ívarsdóttir verkefnisstjóri hjá Mannviti fóru yfir niðurstöður úr sýnatökum í skólahúsnæði Garðabæjar og kynntu verkferla vegna aðgerða í tengslum við rakaskemmdir. Lagt var fram minnisblað um stöðu heildarúttektar á húsnæði Flataskóla og yfirlit og endurbætur undanfarin ár. Þá var farið yfir ályktun starfsfólks Flataskóla. Upplýst var að skólastarf er hafið í færanlegum kennslustofum við Hofstaðaskóla. Í undirbúningi er að hefja viðgerðir vegna skemmda og umbætur á húsnæði skólanna. Þá var farið yfir niðurstöður úr sýnatökum í Álfthanesskóla. Þekking á málefnum hefur aukist síðustu ár og vinnulag byggir nú á gagnsæi og opnum samskiptum, ávallt með heilsu og öryggi nemenda og starfsmanna að leiðarljósi. Starfsmenn, foreldrar og nemendur fá reglubundnar upplýsingar um stöðu mála í gegnum tölvupóst og á heimasíðu Garðabæjar, þar sem finna má upplýsingar um endurbætur vegna rakaskemmda. Skólanefnd þykir ákaflega leitt að börn og starfsfólk hafi þurft að upplifa álag og óþægindi vegna þessara mála.

2. 2301140 - Skóladagatal leik- og grunnskóla 2023-2024

Lagt fram til kynningar.

3. 2208429 - Tillaga um úttekt á stöðu frístunda- og tómstundastarfs fyrir börn á gunnskólaaldri í Garðabæ

Minnisblað Fræðslu- og menningarsviðs lagt fram til kynningar.

4. 2211059 - Þróunarsjóður grunnskóla 2023

Helstu áherslur þróunarsjóðs grunnskóla Garðabæjar ræddar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Heilbrigðisnefnd Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes.

1. fundur 30. janúar 2023, fundargerð.

Mánudaginn 30. janúar 2023 var haldinn 1. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF) á árinu 2023 og hófst hann kl. 16:30.

Eftirtaldir aðalmenn eru boðaðir á fundinum, Linda Hrönn Þórisdóttir, Hannes Tryggvi Hafstein, Bjarni Ingimarsson, Gnýr Guðmundsson og Svanur Karl Grétarsson. Jóna Sæmundsdóttir er boðuð á fundinn í forföllum Ingibjargar Hauksdóttur. Svanur Karl boðaði forföll. Eftirtaldir starfsmenn eru einnig boðaðir á fundinn, Hörður Þorsteinsson, Ríkharður F. Friðriksson og Árni Davíðsson.

1 Skipulagsmál

1.1 Umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar, óbyggt svæði í Rjúpnadal og Rjúpnahlíð.

Lagt fram erindi frá skipulaginu í Garðabæ frá 12. desember 2022 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um skipulagslýsingu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til óbyggðs svæðis í Rjúpnadal og Rjúpnahlíð sem liggur að bæjarmörkum við Kópavog. Fyrirhuguð breyting felst í breytingu á landnotkun í Rjúpnadal og Rjúpnahlíð á svæði sem verður innan vaxtarmarka höfuðborgarsvæðisins með breytingu á Svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 sem gerð verður samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Unnið er að uppbyggingu þéttar blandaðrar byggðar í Garðabæ m.a. með endur nýtingu athafnasvæða í grennd við miðbæ.

Bókun:

Til umsagnar er tilgata að breyttu Aðalskipulagi Garðabæjar. Til að sú breyting geti orðið að veruleika þarf áður að breyta Svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Í skipulagslýsingu er gerð grein fyrir efni væntanlegrar umhverfismatskýrslu. Umsögn heilbrigðisnefndar og greinargerð fjallar um væntanleg efnistöð ef breytingar á svæðaskipulagi fást samþykktar.

Í matskýrslu þarf að gera ítarlegri grein fyrir vegtengingum við væntanlegt athafnasvæði en ætla má af skipulagslýsingu. Rýna þarf hvort Elliðavatnsvegur, Flóttamannavegur geti annað aukinni umferð og þá ekki síst óhjákvæmilega aukinni þungaumferð og hvaða leiðir eru til lausnar. Hliðstætt gildir um vegtengingar við Kópavog og ef aðrar leiðir eru mögulegar.

Í matskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir fráveitumálum eins og fram kemur í lýsingunni. Vel útfærðar blágrænar ofanvatnslausnir gæti orðið hluti af heildarlausn en gera þarf ítarlega grein fyrir mögulegum lausnum á öðrum fráveitumálum hverfisins.



1.2 Umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir Snókalönd við Bláfjallaveg.

Lagt fram erindi frá Umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar dags. 12. desember 2022, þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Snókalönd við Bláfjallveg. Skipulagið afmarkast af gamalli hraunnámu sem í dag er skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd hefur fjallað um áformaða landnotkun á fyrri stigum og þar sem heimilaðar framkvæmdir eru á þegar röskuðu hrauni gerir nefndin ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

1.3 Umsögn um matsskyldu vegna færsla á Hamraneslínunum 1 og 2.

Lagt fram erindi frá Skipulagsstofnun dags. 16. desember 2022 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar á erindi Landsnet til Skipulagsstofnunar er varðar flutning á Hamraneslínunum 1 og 2. Framkvæmd sem er tilkynningarskyld samkvæmt lög um mat á umhverfisáhrifum og áætlana nr.111/2021 (skv. flokki B, viðauki 2). Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin sé matsskyld en óskar eftir áliti heilbrigðisnefndar. Frestur til að veita umsögn var til 19. janúar en Skipulagsstofnun veitti frest til 2. febrúar.

Erindi Landsnets fylgdi greinargerð, „Fyrirspurn um matsskyldu, breytingar á Hamraneslínu 1 og 2 dags. 13.12.2022, unnin af Mannviti.


Bókun:

Nefndin hefur yfirfarið erindi Landsnets. Nefndin telur að í matsskyldufyrirspurn sé áformaðri framkvæmd nægjanlega lýst sem og umfangi og nauðsynlegum mótvægisáðgerðum. Heilbrigðisnefnd gerir ekki kröfu um að boðuð framkvæmd fari í umhverfismat. Komi til boðaðrar framkvæmda er athygli Landsnets vakin á tveimur verkþáttum sem þarf að hafa sérstaklega í huga við skipulagningu framkvæmdar.

- A. *Áformuð lagnaleið liggur líkast til yfir gamlan sorpurðunarstað í Hamranesi. Sorp sem þar kann að verða grafið upp þarf að farga á viðurkenndum sorpurðunarstað.*
- B. *Áformuð lagnaleið mun þvera Kaldárselsveg og Gráhelluhraun og þar með liggja þvert á stofnlögn vatnsveitunnar frá Kaldárbotnum.*

1.4 Umsögn um lýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna færsla á Hamraneslínunum 1 og 2.

Lagt fram erindi frá Umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar 2013-2025, dags. 13. desember 2022, þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um lýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Um er að ræða lagningu jarðstrengs frá Gráhelluhrauni að tengivirki í Hamranesi. Erindi Umhverfis- og skipulagssviðs, fylgir greinargerð, „Breyting á Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, Færsla Hamraneslínu 1&2, Skipulags og matslýsing dags. 1.12.2022 unnin af Berglinði Guðmundsdóttur landslagsarkitekt. Fram kemur að hluti núverandi línustæðis liggur innan þéttbýlismarka Hafnarfjarðar og þverar svæði sem hefur verið deiliskipulagt sem íbúðasvæði. Við framkvæmdina verða línurnar færðar út fyrir áformaðar byggingar í deiliskipulagi. Í

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page. There are three distinct signatures: one in the top right, one in the middle right, and one in the bottom right. The middle signature has 'B-1' written below it.

skipulagslýsingu er vísað til fjölmargra þátta sem þurfi skoðunar við. Svör við veigamestu spurningunum má þegar finna í matsskyldufyrirspurn Landsnets.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd hefur yfirfarið erindi skipulagsins í Hafnarfirði. Nefndin gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.

1.5 Umsögn um lýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar, Hamranes M3, breyting á Aðalskipulagi.

Lagt fram erindi frá Umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar 2013-2025, dags. 25. nóvember 2022, þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um lýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Vegna fjölgunar íbúða í Hamranesi.

Tillaga að bókun

Heilbrigðisnefnd leggst ekki gegn áformaðri breytingu sbr. bókun heilbrigðisnefndar frá 28. nóvember 2022. Vakin er athygli á að mikilvægt er að huga að afkastagetu veitukerfa samhliða breytingu á íbúafjölda.

1.6 Umsögn um breytingar á skipulagi Krikahverfis, þar sem skilgreint er svæði fyrir brettavöll.

Lagt fram erindi frá verkefnastjóra skipulagsmála Mosfellsbæjar þar sem lögð er fram breytingatillaga fyrir skipulagi Krikahverfis sem er breytt þannig að skilgreint verði svæði fyrir brettavöll milli Reykjavegar og battavallar Krikaskóla. Stærð svæðis er um 600 m² er völlurinn aðlagður að umhverfinu svo hann falli vel að landi.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir.

1.7 Umsögn um breytingar á deiliskipulagi Háeyrar við Reykjalandarveg.

Lagt fram erindi skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar þar sem óskað er umsagnar um breytingar á deiliskipulagi Háeyrar við Reykjalandarveg. Tillagan fellur í sér að skipulag fyrir tvö ný 450 fm einbýlishús að Háeyri 1 og 2 verði breytt svo byggja megi tvö parhús, fjórar 225 fm einingar.

Bókun:


Heilbrigðisnefnd leggst ekki gegn breytingu á deiliskipulagi fyrir Háeyri.

2 Önnur mál

2.1 Viðbragðsáætlun um verndun loftgæða

Lögð fram endurskoðun á viðbragðsáætlun um bætt loftgæði á starfssvæði heilbrigðisnefndar. Við sameiningu heilbrigðiseftirlitssvæða er þörf á að bæta við fulltrúum í viðbragðsteymi HEF frá Mosfellsbæ og Seltjarnanesi. Viðbragðsteymið hélt fund 16. janúar sl og var samþykkt á fundinum að fara yfir hreinsun gatna og rykbindingu stofnvega í þéttbýli með Vegagerðinni.

Bókun:



Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including a large signature, a smaller signature, and the initials 'B.I.'.

Heilbrigðisnefnd þakkar fyrir framlagða áætlun. Framkvæmdastjóra er falið að gera breytingar með hliðsjón af umræðum á fundinum og leggja hana fram til afgreiðslu á næsta fundi.


2.2 Olíumengun frá bensínstöð Costco

Lögð fram greinargerð um olíumengun frá bensínstöð Costco sem uppgötvaðist þann 30. desember s.l. sem leiddi til þess að nokkuð magn olíu fór í fráveitukerfi Hafnarfjarðarbæjar.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd harmar það mengunarslys sem varð við leka frá bensínstöð Costco og að ekki hefði tekist að koma í veg fyrir svo mikinn leka. Ljóst er að ákvæði starfsleyfis fyrirtækisins hefur ekki verið fylgt og er nauðsynlegt að fyrirbyggja að slíkt óhapp komi fyrir aftur. Ljóst er að ekki hefur verið fylgt reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi s.s. að vera með virkum lekaviðvörunarbúnaði og að virkt birgðauppgjör hafi verið til staðar til að tryggja lekaeftirlit.


Þrátt fyrir ítrekaðar kröfur um skýringar og upplýsingar frá rekstraraðila þar sem m.a. er óskað eftir upplýsingum úr birgðabókhalda um áætlað magn sem hugsanlega hefur farið í fráveitukerfið, hafa þær ekki borist. Heilbrigðisnefnd heimilar framkvæmdastjóra að beita þvingunaraðgerðum í samræmi við lög nr. 7/1998 þar sem aðili hefur ekki sinnt fyrirmælum innan þess frests sem heilbrigðiseftirlitið hefur veitt.


Linda Hrönn Þórisdóttir


Gnýr Guðmundsson


Jóna Sæmundsdóttir


Bjarni Ingimarsson


Hannes Tryggvi Hafstein

3 Starfsleyfi og umsagnir

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 30. nóvember 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

3.1 Litlatún 3, Garðabær– veitingastaður

Lögð fram umsókn Auðbergs Hálfðánarsonar f.h. Yuzu ehf., kt. 640818-0500, dags. 17.11.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Litlatúni 3, Garðabæ. Ný starfsemi. Fasteignanr. F2305334. Eftirlitsskýrsla dags. 25.11.2022.

